

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
Dagsetning: **27.11.2012**

Efni: *Umsagnir um frumvarp til laga um neytendalán*

Efnahags- og viðskiptanefnd bærust umsagnir frá 17 aðilum vegna frumvarps til laga um neytendalán sem m.a. er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins- og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE.

Drög að frumvarpinu voru unnin af nefnd sem þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði 25. maí 2011 (frumvarpsnefndin). Vegna yfirferðar þeirra umsagna sem bærust efnahags- og viðskiptanefndinni ákvað ráðuneytið að kalla frumvarpsnefndina aftur saman til aðstoðar við yfirferð og mat á umsögnum. Kom hún saman þrisvar sinnum til þess að ræða þau helstu atriði sem fram komu í umsögnum. Hér að neðan er farið yfir helstu atriði umsagnanna. Í þeim tilfellum sem frumvarpsnefndin náði ekki samstöðu um ákveðin atriði er það sérstaklega tekið fram.

3. gr. Undanþágur frá gildissviði

E-liður 1. mgr. Yfirdráttarlán sem endurgreiða þarf innan eins mánaðar

Í umsögn Útlána er lagt til að frumvarpið verði annaðhvort látið taka bæði til smálána (lána undir 200 evrum) og yfirdráttarlána, eða þá að smálán og yfirdráttarlán verði bæði undanþegin lögum um neytendalán.

Vert er að benda á að yfirgnæfandi meirihluti yfirdráttarlána er til lengri tíma en eins mánaðar og fellur því ekki undir undanþáguna. Þau yfirdráttarlán sem falla undir undanþáguna heyra til undantekningartilvika og er þá gjarnan um að ræða svokölluð brúarlán. Frumvarpsnefndin er sammála um að ekki sé því ástæða til að fella út undantekningu fyrir yfirdráttarheimildir sem endurgreiða þarf innan eins mánaðar og fylgja því gildissviði tilskipunarinnar hvað það varðar.

J-liður 1. mgr. Samningar sem eru veittir takmörkuðum fjölda aðila samkvæmt lögum með almannahagsmunum í huga og með lægri vöxtum en markaðsvöxtum eða með öðrum hagstæðari skilmálum en almennu gilda á markaði.

Í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (Hagsmunasamtakanna) kemur fram að engin sérstök rök bendi til þess að síður sé þörf fyrir neytendavernd fyrir lántakendur sem eru námsmenn og gera Hagsmunasamtökin sérstaka athugasemd við að námslán frá Lánaþjóði íslenskra námsmanna séu undanþegin frá gildissviði frumvarpsins.

Frumvarpsnefndin tekur undir þau sjónarmið að ekki síður sé þörf á neytendavernd fyrir lántaka sem eru námsmenn en bendir jafnframt á að önnur sjónarmið eiga við um LÍN þar sem sjóðurinn er ekki á samkeppnismarkaði og veitir lán með það að markmiði að tryggja öllum rétt til náms. Frumvarpsnefndin er sammála um að undanþáguheimild vegna námslána haldist inni í frumvarpinu, en leggur til að það verði skoðað hvort ekki sé æskilegt að sett verði sambærileg ákvæði um upplýsingaskyldu og er að finna í frumvarpinu í lög um Lánaþjóð íslenskra námsmanna eða reglur settar á grundvelli þeirra.

10. gr. Lánshæfis- og greiðslumat

A. Skilgreining á lánshæfismati

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og CreditInfo eru lagðar til breytingar á skilgreiningu frumvarpsins á lánshæfismati. Frumvarpsnefndin er sammála því að þörf er á að breyta skilgreiningunni með það að markmiði að heimila lánveitanda að byggja mat sitt á lánshæfi aðeins á viðskiptasögu og upplýsingum úr gagnagrunnum þriðja aðila um fjárhagsmálefni og lánstraust. Telur hún að skilgreining SFF nái settu marki þó með þeirri breytingu að „/eða“ sé fellt út úr tillögu þeirra að skilgreiningu.

Ráðuneytið tók tillögu Creditinfo til frekari skoðunar eftir fundi nefndarinnar og leggur til að skilgreining á lánshæfismati hljóði svo:

Lánshæfismat: Mat lánveitanda á lánshæfi lántaka byggt á upplýsingum sem eru til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess hvort lántaki geti efnt lánsamning. Lánshæfismat skal byggt á viðskiptasögu aðila á milli og upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Lánshæfismat felur ekki í sér greiðslumat nema slíkt sé áskilið sérstaklega.

B. Bann við lántöku.

Í umsögn Aðalsteins Sigurðssonar og Arnars Kristinssonar (AA) kemur fram að með ákvæði 2. másl. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins, sem kveður á um undanþágu frá banni við lánveitingu hafi lántaki augljóslega ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum með lánið, sé verið að rýra mjög þá vernd sem greininni er ætlað að veita og er lagt til að ákvæðið verði fellt út. Einnig er lagt til að orðið *augljóslega* verði fellt út úr ákvæði 1. másl. 3. mgr. 10. gr. Frumvarpsnefndin var ekki samstíga um síðargreinda atriðið, þ.e hvort rétt væri að fella orðið *augljóslega* út og kemur því hér að neðan aðeins fram afstæða ráðuneytisins hvað þá tillögu varðar, en ekki nefndarinnar.

Markmiðið með bannákvæði 1. másl. 3. mgr. 10. er að koma í veg fyrir að einstaklingar sem eru í mjög slæmri stöðu fjárhagslega og/eða með takmarkaða greiðslugetu til framtíðar séu að auka á vanda sinn með lántöku sem þeir *augljóslega* ráða ekki við að greiða til baka. Ákvæðinu er því ætlað að taka á undantekningartilfellum, enda verður að ætla að lánveitendur veiti almennt ekki lán til neytenda sem þeir sjá fram á að fá ekki endurgreidd.

Markmið ákvæðisins er ekki að virka sem hindrun fyrir almennri lántöku til fjármögnunar á fasteignakaupum þótt neytandi standist ekki lánshæfis- eða greiðslumat, ef lánveitandi er engu að síður tilbúinn að veita lán út á veð eða aðrar tryggingar sem eru meira virði á þeim tíma er lánið er veitt heldur en heildarfjárhæð lánsins. Í umsögn Creditinfo er lagt til að bætt sé við ákvæði 2. másl. 3. mgr. 10. gr. sérstakri vísun til þess að lántaki skuli upplýstur um mat lánveitanda á lánshæfi- og/eða greiðslugetu lántaka. Ætla má að slík vinnubrögð séu eðlilegur hluti af framkvæmd lánshæfis- og greiðslumats og er ráðuneytið sammála tillögu Creditinfo hvað það varðar. Því er lagt til að 3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Óheimilt er að veita lántaka lán ef mat á lánshæfi eða greiðslumat leiðir í ljós að hann hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til þess að standa í skilum með lánið. Vikja má frá ákvæði þessu ef virði veða eða annarra trygginga sem lánveitandi leggur fram er meira á þeim tíma er lánið er veitt en heildarfjárhæð láns enda sé lántaki upplýstur um mat lánveitanda. Lánveitandi ber ekki ábyrgð á því ef lántaki framvísar röngum upplýsingum vegna framkvæmdar lánshæfis- eða greiðslumats, nema hann viti, eða eðlilegt þyki með tilliti til aðstæðna að hann hafi mátt vita, að upplýsingarnar séu rangar.

C. Afleiðingar þess ef farið er gegn 1. eða 3. málsl. 3. mgr. 10. gr.

Í umsögn Neytendasamtakanna, Elviru Mendez og AA er lagt til að kveðið verði á um í frumvarpinu hverjar afleiðingar þessi eigi að vera sé farið gegn bannákvæði 1. máls. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins eða ef lánað sé án þess að láns hæfis- eða greiðslumati hafi farið fram.

Frumvarpsnefndin telur nauðsynlegt að stjórnvöldum og dómstólum sé veitt svigrúm til að taka tillit til aðstæðna ef sýnt þykir að lánveitandi hafi brotið gegn ákvæðum 1. eða 3. máls 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Ekki er því lagt til að kveðið verði á um það í ákvæðinu sjálfu hverjar hinar einkaréttarlegu afleiðingar skuli vera ef brotið er gegn því. Rétt væri þó að efnahags- og viðskiptanefnd tæki það til skoðunar að fjalla í nefndarálitum um dæmi eða þann ramma sem stjórnvöldum eða dómstólum væri rétt að líta til við mat á því hvað teldust eðlilegar og sanngjarnar afleiðingar m.t.t. aðstæðna. Sem dæmi um þær afleiðingar sem mætti telja upp nefnir ráðuneytið sérstaklega lækkun vaxtakostnaðar, afskrift höfuðstóls að hluta, aðlögun lánstíma og greiðsluáætlunar í samræmi við greiðslugetu lántaka eða heimild lántaka til að losna undan láns samningi með því að lántaki taki yfir eignahald hins veðsetta í tilfelli veðlána (lyklaákvæði).

D. Fjárhæðarmörk

Í umsögn SFF er lagt til að fjárhæðarmörk frumvarpsins vegna greiðslumats séu hækkuð. Frumvarpsnefndin telur ekki þörf á því, enda virðist misskilnings gæta í umsögninni að ákvæðið eigi að miðast við samanlagða fjárhæð lána hjá lántaka en ekki hvern stakan láns samning. Frumvarpsnefndin leggur þó til að bætt verði við greinina ákvæði þar sem fram kemur að greiðslumeta skuli ef samanlögð fjárhæð láns samninga milli aðila fer yfir 3.000.000 kr. hjá einstaklingi og 6.000.000 kr. hjá hjónum eða sambúðarfólki. Ná samanlagðar fjárhæðir samninga ekki því marki, og hver og einn láns samningur er þar að auki að minna verðmæti en 1.000.000 kr. hjá einstakling eða 2.000.000 kr. hjá hjónum eða sambúðarfólki, er því nægilegt að láns hæfismat, en ekki greiðslumat, fari fram.

E. Gildistími láns hæfis- og greiðslumats

Í umsögn SFF er lagt til að kveðið verði á um gildistíma láns hæfis- og greiðslumats. Frumvarpsnefndin er sammála um að slíkt ákvæði eigi best heima í reglugerð, enda getur það fljótt komið í ljós eftir að framkvæmd lánveitinga á grundvelli frumvarpsins og reglna settra á grundvelli þeirra hefist hvort ástæða sé til að lengja eða stytta gildistímamann. Fyrstu hugmyndir nefndarinnar hvað þetta varðar eru að gildistími láns hæfismata verði eitt ár og að byggja megi greiðslumat á allt að þriggja mánaða gömlum gögnum. Hugmyndirnar eru að sjálfsögðu settar fram með fyrirvara um að þær geta tekið breytingum við vinnslu reglugerðar um framkvæmd láns hæfis- og greiðslumats.

F. Reglugerðarheimild

Útlán bendir á í sinni umsögn að með reglugerðarheimild 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins sé verið að veita ráðherra of víðtækt vald til útlisunar. Frumvarpsnefndin var ekki sammála þessu mati, enda kemur ramminn skýrlega fram í ákvæðinu - löggjafinn leggur því nákvæmlega upp um hvað reglugerðin megi fjalla um.

5. gr. og 21. gr. Heildarlántökukostnaður og árleg hlutfallstala kostnaðar

Í umsögnum Hagsmunasamtakanna, Elviru Mendez og AA koma fram sjónarmið og skýringar á því hvers vegna rétt væri að bæta „verðbótum“ við upptalningu þeirra atriða sem tekin eru fram í skilgreiningu á heildarlántökukostnaði.

Í umsögn Elviru Mendez eru auk þess færð rök fyrir því að verðtrygging neytendalána hér á landi hafi ekki viðhlítandi lagastöð og standist auk þess ekki ákvæði Evrópulöggjafar um neytendavernd. Hvorki frumvarpsnefndin né ráðuneytið tekur afstöðu til lögmætis verðtryggingar skv. landsrétti eða

Þjóðréttarlegum skuldbindingum byggðum á aðild Íslands að EES-samningum í þessu minnisblaði, heldur er aðeins litið til þess hvernig ákvæði frumvarpsins um heildarlántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar samræmast ákvæðum tilskipunar 2008/48/EB.

Því miður er ekki hægt að sjá fyrir verðbólgu, ekki frekar en breytingar á vöxtum óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum. Við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sbr. 3. mgr. 21. gr. frumvarpsins, er tekið fram að:

„[ef] lánessamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.“

Ofangreint ákvæði felur í sér innleiðingu á 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2008/48/EB, en í henni segir:

In the case of credit agreements containing clauses allowing variations in the borrowing rate and, where applicable, charges contained in the annual percentage rate of charge but unquantifiable at the time of calculation, the annual percentage rate of charge shall be calculated on the assumption that the borrowing rate and other charges will remain fixed in relation to the initial level and will remain applicable until the end of the credit agreement.

Lykilorð í ofangreindri setningu er orðið *unquantifiable*. Í leiðbeiningum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út 8. maí 2012 (*Guidelines on the application of Directive 2008/48/EC in relation to costs and the Annual Percentage Rate of charge*) er fjallað sérstaklega um hvað teljist til kostnaðar og hvernig eigi að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar skv. tilskipun 2008/48/EB. Í kafla 3.4. er fjallað um hvað felist í orðlaginu „*allur kostnaður ... og lánveitanda er kunnugt um við samningsgerð*“ í skilgreiningu tilskipunarinnar á heildarlántökukostnaði.

Í þessu samhengi er vísað til þess að fyrir samningsgerð og er lánessamningar eru auglýstir þá getur verið að lánveitanda sé ekki að fullu kunnugt um allan kostnað sem fallið getur til við lánveitingu, en almennt eigi honum að vera ljós allur kostnaður við gerð lánessamningsins sjálfs.

Tekið er fram að lánveitandi skuli leitast við eins og honum er fremst unnt að meta allan kostnað sem ekki er ljós við samningsgerð, í samræmi við góða viðskiptahætti, og skuli aðeins undanþiggja kostnað frá útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar (og þá kynna neytanda sérstaklega) ef matið er ekki framkvæmanlegt.

The creditor should make reasonable efforts to ascertain such costs, in line with the requirements of professional diligence, and should only exclude them from the APR calculation (and disclose separately to the consumer) if this is not practicable.

Ef lánveitanda byggir upplýsingagjöf sína á kostnaðarmati, þá skal neytanda gerð sérstaklega grein fyrir því og honum gefið til kynna að matinu sé ætlað að virka sem lýsandi dæmi fyrir viðkomandi lánessamning og að kostnaðurinn geti tekið breytingum.

Ef lántaka er ekki kleift að meta kostnaðinn, eða ekki kleift að meta hann með með eðlilegri vissu vegna ákveðinnar lánveitingar (e. *a reasonable degree of certainty in a specific situation*) þá skal viðkomandi kostnaðarliður ekki tekinn með í útreikning á heildarlántökukostnaði (og þar með einnig árlegri hlutfallstölu kostnaðar). Í slíkum tilfellum skal lánveitandi upplýsa neytanda um að láninu fylgir slíkur óviss kostnaðarþáttur í auglýsingum, fyrir samningsgerð og við samningsgerð.

Með tilliti til ofangreinds þá er ljóst að ekki skal taka með í heildarlántökukostnað og útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar ef ekki er hægt að meta hann með eðlilegri vissu. Spurning er hins vegar hvort mat á framtíðarþróun verðlags, óháð því hvort það er byggt á verðbólguþá Sedlabankans, sögulegum gögnum eða öðru, geti einhvern tímann talist mat með eðlilegri vissu. Færa má rök fyrir

því að hægt sé að sjá fram á þróun verðlags næsta mánuðinn eða tvo með eðlilegri vissu, en varla næstu 25 eða 40 ár.

Ef efnahags- og viðskiptanefnd telur mögulegt að meta þróun verðlags til framtíðar með eðlilegri vissu þá verður að tryggja samræmdan útreikning árlegrar hlutfallstölu verðtryggðra lána. Ekki verður séð að það verði gert með öðrum hætti en að skylda lánveitendur til að miða við ákveðið verðbólguamat sem gefið er út og uppfært reglulega. Það er vissum vandamálum háð að miða við verðbólgu og hefur mat bankans (verðbólguamat eða –markmið) hingað til verið nokkuð lægra en raunin hefur síðan verið. Þá virðist ljóst, að í spá um þróun verðlags yrði að leggja til grundvallar misgengi verðlagshækkana og launa, en ekki hækkun vísitölu neysluverðs. Neytandann varðar mest um hið fyrra, hækkun vísitölu einnar og sér leiðir ekki sjálfkrafa til aukinnar greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Að sama skapi geta aðrir þættir haft áhrif á það hlutfall, svo sem breytingar á skattalögum.

Í umsögn AA er lagt til nýtt orðalag 3. mgr. 21. gr. sem tekur mið af tillögum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til nýrrar tilskipunar um lánasamninga vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Lengi hefur verið til skoðunar hjá sambandinu að setja samræmdar reglur um kaup á íbúðarhúsnæði og hefur ráðuneytið fylgst náið með þróun málsins. Er í raun þegar hafinn í ráðuneytinu undirbúningur endurskoðunar á regluverki hér á landi sem gildir um veðlán vegna íbúðarkaupna eða -bygginga.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru þó eins og nafn þeirra gefur til kynna ófullmótaðar og verður ekki á þeim byggt að óbreyttu. Í 23. lið aðfararorða tillagnanna segir að með tilliti til flækjustigs við útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar (t.d. vegna lánsamninga með breytilegum vöxtum eða lánsamninga þar sem afborganir leiða ekki til þegar í stað til samsvarandi lækkunar á heildarfjárhæð láns) og til þess að styðja við þróun á sviði lánsamninga, þá skulu gefnir út tæknilegir staðlar til að styðja við eða breyta útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar.

Auk þess þá er tilskipun 2008/48/EB nokkuð skýr með það hvernig skuli reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar og samræmist fyrrnefnd tillaga AA eins og hún stendur ekki ákvæðum tilskipunarinnar.

25. gr. Sérstök upplýsingaskylda lánveitanda vegna veðlána.

Ákveði efnahags- og viðskiptanefnd að halda verðbótum fyrir utan heildarlántökukostnað og útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar leggur frumvarpsnefndin til að upplýsingaskylduákvæði 1. mgr. 25. gr. verði breytt svo það taki til allra verðtryggðra lán sem og lána með breytilegum vöxtum. Ákvæðið gæti þá orðast svo:

Til þess að tryggja að neytandi sé upplýstur um hvernig þróun höfuðstóls og greiðslubyrði hefur verið skal lánveitandi áður en samningur sem kveður á um verðtryggingu eða breytilega vexti er gerður veita upplýsingar um sögulega þróun verðlags og vaxta og áhrif þeirra þátta á breytingar á höfuðstól og greiðslubyrði sé um verðtryggt lán að ræða og um breytingar á greiðslubyrði sé um óverðtryggt lán að ræða.

Frumvarpsnefndin telur að með þessu móti sé komið til móts við þau skilyrði sem fram koma í umfjöllun um 5. og 21. gr. hér að ofan um upplýsingaskyldu lánveitanda ef ekki er kleift að meta kostnað eða ekki kleift að meta hann með eðlilegri vissu við lánveitingu.

Vert er að nefna að frumvarpsnefndin ræddi hvort ábyrgð lánveitanda hvað varðar upplýsingagjöf skv. 25. gr. sé nægilega rík, þ.e. hvort nægilegt sé að vísað sé á upplýsingar á heimasíðu Neytendastofu sbr. 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins eða hvort frekari upplýsingagjöf þurfi að koma til. Frumvarpsnefndin komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu og ráðuneytið leggur ekki til breytingu.

Í umsögn Neytendasamtakanna er lagt til að ákvæði 25. gr. frumvarpsins verði fundinn nýr staður sem 6. mgr. 21. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið telur rétt að færa ákvæðið, enda eigi það betur heima með

öðrum upplýsingaskylduákvæðum heldur en í sérkafla og leggur til að ákvæðinu verði bætt við á eftir 13. gr. frumvarpsins, annað hvort sem 13. gr. a. eða 14. gr.

26. gr. Hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar.

Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins og Samtaka atvinnulífsins er lagt til að sett verði inn endurskoðunarákvæði við 26. gr. frumvarpsins. Frumvarpsnefndin telur ekki ástæðu til þess að setja inn slíkt ákvæði. Löggjafinn getur endurskoðað lagaákvæði þegar hann vill og reynslan hefur sýnt að ákvæði sem kveða á um endurskoðun eftir tiltekinn tíma hafa lítið sem ekkert vægi.

Í umsögn Útlána kemur fram að samtökin telji að ákvæði 26. gr. frumvarpsins gangi gegn vissum ákvæðum stjórnarskrárinnar. Frumvarpsnefndin er ekki sammála þeim fullyrðingum sem þar koma fram. Enda er ákvæðið almennt, tekur til allra lánveitenda og hefur það lögmæta markmið að vernda neytendur gegn gegn óhóflegri gjaldtöku, auk þess sem ekki verður séð að tækar séu aðrar árangursríkar leiðir að sama marki.

Að beiðni SFF tók frumvarpsnefndin til umræðu hvort rétt væri að hækka það hámark sem fram kemur í 26. gr. í 60-65% árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ekki náðist samstaða um tillögu að breytingu í frumvarpsnefndinni.

Frumvarpsnefndin leggur til að lagt til að ákvæði 26. gr. frumvarpsins verði fundinn nýr staður sem 6. mgr. 21. gr. frumvarpsins.

30. gr. Stjórnvaldssektir

Í umsögn Neytendasamtakanna er lagt til að 26. gr. verði bætt við upptalningu 30. gr. hvað varðar þau ákvæði sem Neytendastofu er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á vegna sé ákvæðum frumvarpsins ekki fylgt. Frumvarpsnefndin styður þá tillögu.

Í umsögn AA og Hagsmunasamtakanna er lagt til að þak á stjórnvaldssektir verði hækkað en ekki náðist samstaða um það í frumvarpsnefndinni.

36. gr. Gildistaka

Í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. júní 2013 til þess að gefa lánveitendum ráðrúm til að aðlaga sig að breyttu lagaumhverfi. Frumvarpsnefndin tekur undir þessi sjónarmið og telur að ekki sé síður þörf á ráðrúmi fyrir eftirlitsaðila til að aðlaga sig að auknu upplýsinga- og eftirlitshlutverki samkvæmt frumvarpinu.

Bann við gjaldtöku vegna rafræna greiðsluseðla

Í umsögn Neytendasamtakanna er lagt til bann við töku seðilgjalda, í það minnsta þegar um rafræna greiðsluseðla er að ræða. Samtökin telja óeðlilegt að kostur við rafræna seðla sé til jafns við pappírreikning (um 600 kr.), á meðan kostnaðurinn sé mun lægri ef viðkomandi er í greiðsluþjónustu eða veitir skuldfærsluheimild. Vert er að nefna að þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra gaf út tilmæli árið 2008 til fjármálafyrirtækja um töku seðilgjalda í þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki tækju að sér innheimtu krafna á grundvelli samninga við kröfuhafa. Tilmælin beindust ekki að innheimtu fjármálafyrirtækja á eigin kröfum heldur að bankar skyldu bjóða upp á gjaldfrjálsan rafrænan valkost við greiðslu á reikningum. Ekki hefur verið farið að tilmælunum. Frumvarpsnefndin náði ekki samstöðu um þetta mál.

Undanþága Íbúðalánasjóðs frá ákvæðum frumvarpsins

Í umsögn Íbúðalánasjóðs er m.a. farið fram á að sjóðurinn sé undanþeginn frá gildissviði frumvarpsins. Frumvarpsnefndin er sammála um að sömu reglur eigi að gilda um Íbúðalánasjóð sem og aðra veitendur neytendalána.

Aukið eftirlit og leiðbeiningar

Frumvarpsnefndin og ráðuneytið vill sérstaklega koma því að framfæri að nauðsynlegt er að Neytendastofu verði tryggðar fjárheimildir til að sinna auknu hlutverki sínu samkvæmt frumvarpinu. Sérstaklega ber að benda á að frumvarpið felur í sér innleiðingu á flókinni Evróputilskipun og er lagt til að gefið verði út leiðbeiningarefni til handa neytendum, líkt og gert hefur verið víða í Evrópu.

57. gr. dönsku neytendalánalaganna

Í umsögn AA er lagt til að efnahags- og viðskiptanefnd kanni hvort ekki sé rétt að taka upp ákvæði 56. og 57. gr. dönsku neytendalánalaganna án þess að það sé rökstutt nánar. Að beiðni ritara efnahags- og viðskiptanefndar tók frumvarpsnefndin 57. gr. dönsku neytendalánalaganna til umræðu. Ekki gafst tími til að fara ofan í ákvæðið í kjölinn og kanna t.d. forsögu þess en niðurstaða frumvarpsnefndarinnar eftir umræður var sú að ekki væri séð að þörf væri á slíku ákvæði hérlendis.

14. gr. laga um neytendalán

Í umsögn Hagsmunasamtakanna er lagt til að 14. gr. nógildandi neytendalánalaga verði tekin upp í frumvarpið. Frumvarpsnefndin er sammála um að óþarfi sé að taka upp ákvæði 1. mgr. 14. gr. nógildandi laga um neytendalán, enda felur ákvæðið í sér þá meginreglu sem lögfest er í 3. gr. laga um vexti og verðtryggingu að vextir skuli einungis reiknaðir ef um þá er samið, þ.e. nema annað leiði af venju eða lögum. Telja má að sömu sjónarmið eiga við um lántökukostnað, sbr. 2. mgr. 14. gr. Neytendasamtökin óskuðu þó eftir að efnahags- og viðskiptanefnd skoði hvort ástæða sé til að halda inni ákvæði 2. mgr. 14. gr.